

Umsögn um mál nr. 47/2020, lagt fram í Samráðsgátt ríkisins –  
frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og  
lögum um endurskoðendur og endurskoðun

Reykjavík, 8. mars 2020

*Umsögn um 6. gr. frumvarpsins*

Alda lýsir yfir ánægju með þessa grein frumvarpsins. Félagið telur rétt að ársreikningar séu opnir öllum sem vilja fá aðgang með rafrænum hætti, án gjaldtöku, enda er nauðsynlegt að meira gagnsæi ríki um fjárhagsstöðu fyrirtækja, fjármögnun og eignarhald þeirra. Einnig er nauðsynlegt að gagnsæi ríki um upplýsingar um eignatengsl fyrirtækja. Félagið telur að núverandi fyrirkomulag, þar sem greiða þarf fyrir aðgang að ársreikningum, valdi ónauðsynlegum kostnaði fyrir samfélagið, hefti aðgengi, og dragi úr skilvirkni markaðshagkerfisins enda er erfiðara fyrir fólk og fyrirtæki að kanna hvort mótaðili í viðskiptum sé traustur með þessu fyrirkomulagi. Engin ástæða sé til þessa.

Félagið er hlynnt því að ársreikningaskráin sé opnuð með rafrænum hætti án endurgjalds, en telur eðlilegt að gjald sé tekið fyrir afhendingu gagna á pappír, en þó eingöngu til að mæta útlögðum kostnaði.

Frekari rökstuðning fyrir afstöðu félagsins má finna í umsögn sem félagið veitti við mál nr. 82/150 sem lagt var fram á Alþingi síðastliðið haust.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,  
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður